	Hafnarfjarðarbær
Innk:	28.4.2016
Málsnr:	1603516
Bréfal:	521.1



Skipulags- og byggingaráð Hafnarfjarðar  
Hr. Ólafur Ingi Tómasson formaður  
Norðurhelli 2  
221 Hafnarfjörður

Hafnarfirði 25. apríl 2016.

Efni. Lyngbarð 2, Þorlákstún, uppbygging og stöðuleyfi.

Háttvirta skipulags- og byggingaráð.


Fékk í pósti bréf dagsett þann 5. apríl 2016 frá skrifstofustjóra umhverfis og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar sem svar við fyrirspurn minni varðandi uppbyggingu hér í Þorlákstúni og stöðuleyfi fyrir verkfæra gám.

Í framhaldi af bókun ráðsins um stöðuleyfi fyrir gáminn og umhirðu lóðar vil ég bjóða ykkur í heimsókn hér til mín svo ég geti kynnt fyrir ykkur hvað ég hef verið að gera og jafnfram hlusta á athugasemdir ykkar og taka virklega til greina hvað betur má fara í framkvæmdum hér.

Óska jafnframt eftir heimild til þess að ganga frá 30 fermetra verkfæragámnum hér innan lóðar, sem er rétt tæpir 40.000 fermetrar að stærð, þannig að sómi verði af. Besta og einfaldasta leiðin er að hylja gámin jarðvegi og fella hann inní landið með því að tyrfa yfir hann með úthagatorfi og planta í lúpínu, loðvíði, fjalldrapa, birki.

Það er einlægur vilji minn að byggja hér upp í sátt og samlyndi við yfirvöld og nágranna en til þess að það megi gerast þarf ég rökstuddar athugasemdir til þess að fara eftir.

Virðingarfyllst

  
Steinþór Einarsson